

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 114 20. september 1948.

1. gr.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir að skoða og stimpla hvern skrokk:

Sauðfé, geitfé kr. 1.05.

Þegar slátrað er yfir 300 kindum á dag í sláturhúsi, er skoðunargjaldið kr. 0.70 fyrir hvern skrokk.

Naut, hross, svín kr. 16.00.

Kálfar, grísir kr. 8.00.

Á skoðunargjald samkvæmt 1. mgr. greiðist ekki verðlagsvísitöluuppbót áráanna fyrir árið 1964.

Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

2. gr.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum gjaldskrárinnar en 8. gr., skulu innheimt með 40% álagi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 275 20. september 1964.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 193.

14. júní 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Akraneskaupstað.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. greinar umferðarlaga, nr. 26/1958, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, skulu bifreiðastöður vera bannaðar á eftirtöldum stöðum:

1. Á Kirkjubraut frá Akurgerði að Merkigerði, austan megin götunnar.
2. Á Vesturgötu frá Skólabraut að Merkigerði, austan megin götunnar og vestan megin þar, sem gatan nær ekki fullri breidd.
3. Á Vesturgötu frá Deildartúni að Krókatúni vestan megin götunnar.

Stöðvunarmerki skal vera á Akurgerði við Kirkjubrautina beggja megin Kirkjubrautar. Stöðvunarskylda skal vera á horni Suðurgötu og Hafnarbrautar, neðan Hafnarbrautarinnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Akraneskaupstað, 14. júní 1965.

Þórhallur Sæmundsson.